

Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Hótel Varmahlíð, Skagafirði

30. mars 2010, kl. 16:00-18:00

20 gestir

Fundafrásögn: Elín Líndal

Fulltrúar frá verkefnisstjórn:

Svanfríður I. Jónasdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Anna G. Sverrisdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Elín Líndal (fundarritari), Friðrik Dagur Arnarson, Björg Eva Erlendsdóttir og Tómas Þór Tómasson.

Svanfríður fór stuttlega yfir hlutverk verkefnisstjórnar og greindi m.a. frá því að allar upplýsingar væri að finna á heimsíðu rammans. Guðni kynnti síðan niðurstöður faghópa III og IV, Anna kynnti niðurstöður faghóps II og Þóra Ellen niðurstöður faghóps I.

Að loknum kynningum var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Bragi Skúlason spurði um áhrif á láglendi í Skagafirði vegna vetrarrensli og minna sumarrensli eftir virkjun.

Valgeir Kárason spurði hvort reynt hafi verið að gera grein fyrir árifum á lífríki vegna breytinga framburðar á strandlínu.

Ásmundur Pálmason spurði hvort reynt hafi verið að setja verðmiða á alla þætti sem litið var til í mati (skilyrt verðmætamat).

Jón Eiríksson spurði um framleiðsluverð á kW-stund hjá Landsvirkjun. Sagði síðan frá reynslu sinni af því að reisa 25 kWst virkjun árið 1958 þegar lítið framboð var á rafmagni og lýsti m.a. „línuviðgerðum með aðstoð haglabyssu! Spurði hvort honum væri leyfilegt að selja nágranna sínum rafmagn.

Jóhann Svavarsson spurði um forsendur fyrir mati faghóps 3 þegar litið væri til áhrifa á samfélög vegna virkjunar og notkunar orkunnar (úrvinnsla).

Andi Teitsson spurði hvað gerðist ef fram kæmu nýir virkjunarkostir næstu 3-5 ár.

Árni Sigurðsson spurði hvort reynt hefði verið að gera grein fyrir náttúrulegum breytingum á Héraðsvötnum.

Snorri Styrkársson spurði hvers vegna faghópur I hafi ekki metið Villinganesvirkjun.

Jón Eðvald Friðriksson ræddi um áhrif flóða á láglendi, taldi að niðurstöður rannsókna hefðu sýnt aðeins jákvæð áhrif og taldi að sama gæti verið uppi á teningnum ef rennslið yrði virkjað. Hann fagnaði því viðhorfi iðnaðarráðherra um að stefnt skyldi að nýtingu orku í heimabyggð.

Árni Sigurðsson spurði um orkutap vegna flutnings orku um langan veg.

Valgeir Kárason spurði hvort rammaáætlun yrði uppfærð eftir hverja nýja virkjun.

Árni Egilsson spurði um áhrif virkjana á vatnsrennsli. Einnig hvort stefnt væri að því að flytja alla orkuna „austur um“ þar sem vesturleiðin væri „ónýt“.

Gísli Rúnar Konráðsson spurði hvaða svæði í Skagafjarðardölum hefðu verið tekin með í verðmætamatið, t.d. Fossadalur, Fossarnir, Stóri hvammur. Áréttaði þverdali úr Austurdal og Nýjabæjarfjall.

Jóhann Svavarsson spurði um verðgildi náttúrunnar samanborið við kílóvattstund.

Árni Sigurðsson spurði hvort könnuð hefðu verið áhrif þess að Héraðsvötnum yrði beint í Miklavatn.

Fundi slitið um kl. 18:00.